



Október 2021

á íslensku

Hún bað hann að reka illa andann út af dóttur sinni.

(Mk 7,26)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Vertu í sambandi! Keep in touch!

Kæru vinir orðsins,

Hún var ung móðir. Hún bjó í hinni ríku hafnarborg Týrus, þar sem nú er Líbanon. Samkvæmt grískri goðafræði var þessi borg fæðingarstaður „Evrópu“. Forfeður þessarar ungu konu komu frá Grikklandi. Hún hafði aldrei komist í sneringu við trú Gyðinga. Gyðingarnir, nágrannar hennar, litu á hana sem „heiðna“. Því kölluðu þeir hana oft „hund“. Fjölskyldulíf hennar var heldur ekki auðvelt. Hún átti dóttur. Lífið var henni erfitt. Hún hafði dregið sig til baka, og varla haft samband við aðra. Hún var útskúfuð og þótti „óhrein“ og „haldin illum anda“. Hún lá næstum alltaf uppi í rúmi.

Unga móðirin hafði þegar reynt mikið. Hún hafði heyrt um Jesú. Hann var nýkominn til Týrusar. Hann hafði gengið 60 kílómetra frá Galíleuvatni til Týrusar. Hann vildi vera einn í nokkra daga. En koma hans leyndi sér ekki. Unga móðirin fór því til Jesú með allar sínar þarfir og bað hann um að lækna dóttur sína. Jesús brást neikvætt við. Hann sá sjálfan sig sendan til Gyðinga, „barna Guðs húss“, en ekki til heiðingjanna. Því sagði hann við hana: „Ekki sæmir að taka brauð barnanna og kasta því fyrir hundana!“ En unga móðirin þráaðist við. Hún vildi hjálpa dóttur sinni. Hún gaf Jesú til kynna að hún skildi hann og bætti við: „Satt er það, herra, þó eta hundarnir undir borðinu af molum barnanna.“ Jesús bjóst ekki við þessu svari. Áleitni ungu móðurinnar hvatti hann áfram. Jesús ákvað að hjálpa dótturinni: „Vegna þessara orða skaltu heim snúa, illi andinn er farinn úr dóttur þinni!“

Hann hafði átt erfitt heima. Faðir hans hafði yfirgefið fjölskylduna. Í neyð sinni rakst hann á Jesú. Hann hafði komið við hjá ýmsum kirkjusamfélögum en fann þar ekkert við sitt hæfi. Þá rakst hann á tilboð um námskeið til að komast á slóð Jesú. Fram að þeim tíma hafði hann verið trúarlega „ómúsikalskur“. Engu að síður hafði hann skráð sig. Hann ók á fyrsta fundinn og vel var tekið á móti honum. Hann hélt áfram að sækja fundina. Hægt og rólega uppgötvaði hann hve nálægur Jesús var honum. Og þá kom loks andartak þegar hann gaf Jesú – í fullri leynd – loforð um að vilja lifa ALGJÖRLEGA fyrir hann. Þetta var upphafið að ævintýri lífs hans! Það var gott að hann hélt sig við það – við þessa löngun sína. **Vertu í sambandi! Keep in touch!**

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker